

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.  
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamál í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 300 en starfsmenn allir kringum 650. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunnaskoli.is](http://www.öldutunnaskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)



## Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 20. TBL.

25. JANÚAR 2008

## Það er komið að skilum!?

Lífið er stöðug skil og tímafrestir og auðvitað þá mest til vandræða eftir að klukkan var fundin upp. Fáar stofnanir búa við jafnmikla tímastjórnun og skólar. Allt þarf að ganga upp frá klukkunni - annars er komið fram ójafnræði.

Janúar, eða byrjun febrúar, er tími skila í skólastarfi margra grunnskóla í Hafnarfirði, tími námsmats og foreldraviðtala. Auðvitað er þetta nokkuð mismunandi eftir skólum hvenær námsmat fer fram og hvernig.

En það eru fleiri skil framundan. Þann 12. febrúar eru skil á smásögum í smásagnasamkeppni hjá 8.-10. bekkjum grunnskóla. Nú er því rétti tíminn til að minna á það og að enn er smá tími til að ljúka vinnu

og búa smásögur til innsendingar til Skólaskrifstofu.

Sömuleiðis fer að koma að því að skila þarf inn tillögum að boðskorti fyrir lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar sem verður haldin í mars í Hafnarborg. Hún er ætluð 6.

bekkingum í Hafnarfirði og á Álftanesi. Skilafrestur er sömuleiðis til 12. febrúar.

Það er um að gera að skila af sér í tíma því tíminn er strangur húsbóndi eins og kennarar þekkja vel úr eigin starfi.



Ungir nemendur í Setbergsskóla lesa fyrir samnemendur á sal.

## Lagafrumvöp um skólamál fyrir Alþingi

Nokkur frumvörp um skólamál liggja fyrir Alþingi. Þetta eru m.a. frumvörp um leikskóla, grunnskóla og menntun og ráðningu kennara. Þau fela í sér margvíslegar breytingar fyrir skólastarf og skipulag þess, ný verkefni og aðrar nálganir. Í það heila miða þau öll að því að börn fái mætt þörfum sínum fyrir að menntast og þroskast í heilnæmu umhverfi sem bregst við aðstæðum. Þetta eru göfug markmið og það eru sveitarfélögin í landinu sem fá áfram þá meginábyrgð að framfylgja þeim lögum.

Í heildina séð eru markmiðin eftirsóknarverð en að

sama skapi ljóst að mikið fjármagn og hæfan mannskap þarf til að markmiðin verði að veruleika, bæði innan skóla og í stoðkerfi við skólana, m.a. félags- og heilbrigðisþjónusta. Allt bendir þetta á nauðsyn

## Skólaþróun

þess að allir vinni vel saman og nægar bjargir séu til staðar til að mæta margvíslegum aðstæðum barna í dag í íslensku samfélagi. Fræðsluráð hefur sent umsögn sína við frumvörpin til Alþingis.



Nemendur í Hraunvallaskóla í kennslustund.



## FRÉTTIR

úr  
stjórn-  
kerfi

### Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 21. janúar  
153. fundur:

- Kynnt samantekt um niður-  
stöður samræmdra prófa í  
4. og 7. bekkjum í grunn-  
skólum Hafnarfjarðar  
haustið 2007.
- Lagt fram bréf frá Hjalla-  
stefnunni með beiðni um  
aukið bráðabingðarými við  
Hjallabraut til að starfrækja  
3. bekk grunnskóla þar  
næsta vetur. Samþykkt með  
fyrirvara um húsnæðis-  
möguleika og leyfi ráðu-  
neytis.
- Þróunarfulltrúar leik- og  
grunnskóla kynntu stöðu  
verkefnis um forystuskóla í  
Hafnarfirði og hvernig það  
verkefni hefði gengið fyrsta  
og hálf árið.
- Lögð fram drög að reglum  
um viðurkenningar fræðslu-  
ráðs fyrir farsælt skólastarf.
- Lögð fram drög að umsögn  
við frumvörpum um leik-  
skóla, grunnskóla og um  
menntun og ráðningu  
kennara sem nú liggur fyrir  
Alþingi. Nokkrar ábendingar  
gerðar og fræðslusvið lýkur  
umsögn og sendir inn fyrir  
skilafrest (22. janúar).
- Fyrirspurn um staðan í  
starfsmannamálum leik- og  
grunnskóla í janúar 2008.  
Óskað svara á næsta fundi  
ráðsins.

### Tilkynning vikunnar

Skólavefritið tekur sér sjálf-  
skipað vetrarfrí í næstu viku  
og kemur því ekki næst út  
fyrir en að tveimur vikum  
líðnum.

Næsta blað  
Skólavefritsins er  
væntanlegt föstudaginn  
8. febrúar 2008

## Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Á fuglavef Námsgagnastofnunar bættist nýverið við mikið efni. Það leynist undir hnappnum **Fróðleikur** á forsíðu vefjarins. Slóðin er: <http://www.l.nams.is/fuglar/index.php>.
- » Síðastliðið haust kom út smábókin **Mörkin horfin** eftir Iðunni og Kristínu Steinsdætur. Hún er að því leyti ólík öðrum smábókum að textinn er settur upp í samlestrar- eða leikritsformi. Markmiðið er m.a. að mæta þeim áherslum í aðalnámskrá grunnskóla að æfa skýran og áheyrilegan framburð nemenda og veita þeim tækifæri til að lesa texta af ýmsum gerðum. Námsgagnastofnun spyr hvernig bókin hafir reynst og hvort kennarar telji að hún uppfylli ofangreind markmið. Hún vill því heyra frá kennurum sem hafa notað bókina með nemendum. Spurningin er hvort kennarar hafi áhuga á að fá aðra sambærilega bók. Þeir sem vilja hjálpa til hér geta sent línu á netfangið [sylvia@nams.is](mailto:sylvia@nams.is).


Þessi fríði hópur lauk fyrir stuttu 60 klst. grunnenntunarnámi í PMT-FORELDRAFÆRNI, flestir frá leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Til hamingju! Kennarar voru Edda Víkar og Arna Björk sem eru með á mynd.



### Um unglinga og lestur

Fræðiefni vikunnar er 37 síðna hefti um lestur og unglinga, **Ten years of Research on Adolescent Literacy**. Þetta er samantekt á rannsóknum ýmissa aðila sem hafa skoðað sérstaklega hvernig unglingar tileinka sér lestur, nýta í sínum aðstæðum og hvernig umhverfi þeirra hefur áhrif á áhuga til lestrar.

Þá er einnig samantekt um ýmsar aðferðir í lestrar-  
kennslu og -námi og hvernig þær hafi reynst í skólastarfi. Varpað er fram ýmsum ábendingum og tillögum um



VEFSLÓÐ: <http://www.learningpt.org/pdfs/literacy/tenYears.pdf>

### Fræðiefnið

lestrarkennslu og leiðir í námi.

Lestur heldur áfram að vera í umræðunni, ekki síst með tilliti til breytinga sem hafa verið í tækninni sem hafa áhrif á unglinga og geta minnkað lestur, t.d. notkun tónhlaða (ipod) og annarra stafrænna miðla eins og mp3 spilara og kvikmyndir á DVD. Hér koma einnig til símarinnir og MSN notkun í tölvum auk tölvuleikja sem freista margra unglinga.

Þarf að leggja enn meiri áherslu á lestur?

### Þarf ekki lengur forrit í einstaka tölvur?

Vefurinn er stórmerkilegt fyrirbæri og sífellt að færa okkur nýja möguleika. Það er að verða raunhæfur möguleiki að þurfa ekki lengur forrit í tölvur heldur nægir aðeins aðgangur að vefnum. Dæmi um slíkt er vefsíða vikunnar sem gerir mögulegt að vinna með stafrænar myndir í stað þess að hafa myndvinnsluforrit í tölvum. Splashup er vefur þar



býður upp á ókeypis myndvinnslu og miðlun þeirra eftir á um vefinn, t.d. í Flickr. Aðferðafræði vefjar-

VEFSLÓÐ: <http://www.splashup.com/>

### Vefhornið

ins er svipuð og með vinnslu mynda í hugbúnaði sem væri í viðkomandi tölvum. Sniðugt.

